

## AUGLÝSING

### um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi sem hér segir:

*Ásar 4 og 6.*

Breytingin felur í sér breytingu á aðkomu að lóðunum Ásar 4 og 6, aðkoman verður frá norð-austri.

*Vogatunga 47-51.*

Breytingin felst í því að í stað einnar hæðar raðhúss R-ID kemur tveggja hæða raðhús R-IIA. Að öðru leyti haldast skilmálar óbreyttir.

*Reykjamelur 7.*

Breytingin felur í sér að í stað 200 m<sup>2</sup> einbýlishúss (1 hæð og ris) með nýtingarhlutfalli 0,2 kemur 300 m<sup>2</sup> parhús á einni hæð með nýtingarhlutfall 0,30. Einnig kemur ný innkeyrsla frá Asparlundi (R-húsagata).

*Sölkugata 1-5.*

Breytingin felst í því að sameinaðar eru lóðir nr. 1 og 3 og þar heimilað að byggja einnar hæðar parhús í stað tveggja hæða einbýlishúsa. Á lóðinni nr. 5 er gert ráð fyrir einnar hæðar einbýlishúsi í stað tveggja hæða einbýlishúss. Að öðru leyti haldast skilmálar óbreyttir.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 27. mars 2017,*

**Ólafur Melsted** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. mars 2017